

	kr.	a.	kr.	a.
Fluttar	9440	»	2059	28
b. í veðskuldabriefum með 4% vöxtum samkvæmt tekjulið 1. b. 5. og gjaldlið 2	8646	85		
í veðskuldabriefum með 3½% vöxtum samkvæmt tekjulið 1. b. 5.	400	»		
c. ógoldin landskuld í fardögum 1882 af ½ Gloppu	15	90		
d. ógoldnar leigur haustið 1882 af ½ Gloppu	7	95		
e. í peningum	376	58	18887	28
Tekjur alls			20946	56

Gjöf Jóns Sigurðssonar til Vallahrepps fardagaárið 1881—82.

	kr.	a.	kr.	a.
Tekjur.				
1. Sjóður í fardögum 1881:				
a. jörðin Ytri-Villingadalur 14 σ virt á	990	»		
b. — Merkigil 14 - — -	1000	»		
c. — ½ Gloppa 5,75 σ — -	320	»	2310	»
2. Leigur, haustið 1881 eptir 4½ kúgildi: 85 meðalálnir eptir verðlagsskrá 18 ^{81/82} á 52 a.				44 20
3. Landskuld í fardögum 1882: 194 meðalálnir eptir verðlags-skránni 18 ^{82/83} á 53 a.			102	82
Tekjur alls			2457	02
Gjöld.				
1. Umboðslaun, ⅙ af hinum innheimtu jarðarafgjöldum			21	85
2. Borgað til Vallahrepps fátækra sjóðs			109	27
3. Sjóður í fardögum 1882:				
a. Eptir 1. tekjugrein	2310	»		
b. Ógoldin landskuld af ½ Gloppu 30 meðalálnir eptir verðlags-skránni 18 ^{82/83}	15	90	2325	90
Gjöld alls		»	2457	02

85 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu um lán 16. júlí. til brúargjörðar yfir Elliðaár. — Í póknanlegu brjefi, dags. 13. p. m., hafið þjer, herra sýslumaður, í umboði sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu sótt um lán úr landssjóði handa sýslu þessari, að upphæð 4000 kr., til að standast kostnað við brúarbyggingu yfir Elliðaárnar sem veitt væri með venjulegum skilmálum um endurborgun og vaxtagreiðslu eða að öðrum kosti svo, að það þyrfti eigi að endurborgast á skemmri tíma en 10 árum, og hafið þjer skýrt svo frá, að amtsráðið í suðuramtinu hafi samþykkt lántöku þessa.

I tilefni af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að jeg veiti hjermeð Kjósar- og Gullbringusýslu lán þetta með þeim fyrirvara að það með venjulegum vöxtum verði endurborgað á 10 árum með 400 kr. afborgun á ári, í 1. skipti fyrir árslok 1884, og mun fjeð verða yður ávísað til útborgunar þegar er þjer hafið sent mjer tilhlýðilegt skuldabrief fyrir láninu útgefið af yður fyrir hönd sýslunefndarinnar.